

3. Kostnaður samkvæmt 3. gr. laga 2. október 1891, um skipun dýralækna á Islandi . . . . .	1640 kr.	87
4. Amtsbókasafnið. . . . .	200 —	
5. 6. og síðasta afborgun uppí bankalán 28. júní '95 . . . . .	400 —	
6. 4. afborgun uppí og rentur af bankaláni 14. nóv. '96 . . . . .	500 —	
7. Ferðakostnaður . . . . .	1016 —	
8. Ýmislegt . . . . .	80 —	
9. Eptirstöðvar . . . . .	280 —	
	700 —	
	<u>4816 kr.</u>	

Það, sem má jafna niður án samþykkis landshöfðingja, er 1971 kr. 01 eyrir, og ályktaði amtsráðið að leita samþykkis landshöfðingja til að jafna niður 2060 kr., sem er hið eiginlega jafnaðarsjóðsgjald.

29. Fyrir skriptir á amtsráðsfundinum voru veittar 20 kr. og fundarhús 12 kr Fleiri mál komu eigi til umræðu og var svo fundi slitið.

Íslands Vesturamt, Reykjavík 30. júní 1899.

*J. Havsteen.*

## Skýrsla

88

um aðalfund amtsráðsins í Norðuramtinu 27. maí til 1. júní 1899.

Ár 1899, laugardaginn hinn 27. maí, var aðalfundur amtsráðs Norðuramtsins settur og haldinn á Akureyri af amtmanni Páli Briem, amtsráðsmanni Húnavatnssýslu Benidikt Blöndal í Hvammi, amtsráðsmanni Skagafjarðarsýslu umboðsmanni Ólafi Briem á Álfgæirsvöllum, amtsráðsmanni Eyjafjarðarsýslu kennara Stefáni Stefánssyni á Möðruvöllum og amtsráðsmanni Suðurþingeyjar-sýslu, prófasti Arna Jónssyni á Skútustöðum.

Á fundinum voru þessi mál tekin til umræðu:

1. Forseti lagði fram reikninga yfir tekjur og gjöld eptirfylgjandi sjóða fyrir fyrir 1898, með fylgiskjöllum:
  - a. Jafnaðarsjóðs Norðuramtsins.
  - b. Búnaðarsjóðs Norðuramtsins.
  - c. Styrktarsjóðs fátækra ekkna og munaðarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað.
  - d. Amtsbókasafns Norðuramtsins.
  - e. Prentsmiðjusjóðs Norðuramtsins.
  - f. Búnaðarsjóðs Eyjafjarðarsýslu.
  - g. Þúsundáraafmælisjóðs Eyjafjarðarsýslu.

Jafnframt lagði forseti fram brjef landshöfðingjans, dags. 21. jan. þ. á., viðvíkjandi þeim hluta af skrifstofukostnaði amtmanns, er leiðir af ályktun-um amtsráðsins.

- 88 Eptir að amtsráðsmennirnir höfðu rannsakað reikninga þessa, voru þeir samþykktir án athugasemda.
2. Forseti lagði fram alla sýslusjóðsreikninga úr amtinu fyrir 1898. Ennfremur lagði forseti fram sýsluvegasjóðsreikninga úr öllum sýslum amtsins fyrir 1898, og sömuleiðis brúarsjóðsreikninga Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu s. á., og reikning yfir bygging bryggjunnar á Blönduósi og bygging brúar á Ytri Laxá. Amtsráðsmennirnir skiptu reikningum þessum með sjér til yfirskoðunar.
  3. Voru lagðar fram skýrslur um grenjaleitir og grenjavinnslur úr öllum sýslum amtsins 1897 og ein aðalskýrsla, er forseti hafði sent til landshöfðingja með beiðni um að hún væri prentuð í C deild Stjórnartíðindanna. Ennfremur lagði forseti fram skýrslur um þetta efni úr allmörgum hreppum 1898, en úr ýmsum hreppum vantaði þessar skýrslur, sem fyrst geta fengið eptir áminningar til hreppsnefndanna.
  4. Forseti lagði fram og las upp tillögur þær frá öllum sýslunefndum í amtinu, um skýrslur þær, er hreppstjórar skulu semja samkvæmt lögum 26. febr. 1898, er hann hafði útvegað samkvæmt ályktun amtsráðsins á fundi þess 1898 (sjá 12. mál). Tillögur þessar eru mjög sundurleitar, þar sem sýslunefnd Suðurþingeyjarsýslu óskar að skýrslan verði að áliti amtsráðsins mjög margbrotin, en sýslunefnd Skagafjarðarsýslu óskar þess, að í skýrslunum sjeu aðeins athugasemdir um heyverkun, hirðingu, útlit og ástand búpenings. Með tilliti til þess að lög þau, sem hjer er um að ræða, ef til vill eiga sjer eigi langan aldur, að minnsta kosti ekki eins og þau nú eru, ákvað amtsráðið að skýrslufyrirmynd sú, er það ákvað á fundi í fyrra, skyldi gilda fyrst um sinn.
  5. Amtsráðið tók til íhugunar málið um stofnun búnaðarfjelags Íslands, ákvað að fylgja því máli fram og að kjósa fulltrúa til þess að semja við búnaðarfjlag Suðuramtsins um stofnun búnaðarfjelags Íslands með ótakmörkuðu umboði til þess að gjöra út um málið nú í sumar. Auðvitað þó að áskildu samþykki landshöfðingjans yfir Íslandi, að því er snertir skuldbindingar viðvíkjandi fjárframlögum til langframa, og ef búnaðarfjlag Íslands yrði stofnað, ákvað amtsráðið ennfremur, að hinir kosnu fulltrúar þess skyldu einnig vera fulltrúar þess á búnaðarþingi hins nýstofnaða fjelags, þangað til amtsráðið kys fulltrúa á næsta fundi. Sem fulltrúar voru kosnir þeir amtsráðsmaður Ólafur Briem á Álfgæirsvöllum og Stefán kennari Stefánsson á Möðruvöllum og til vara þeir Jón alþingismaður Jónsson frá Múla og Pjetur alþingismaður Jónsson á Gautlöndum.
  6. Forseti lagði fram og las upp umsóknir frá tveimur námspiltum á Möðruvallaskóla og tveimur námsmeyjum á kvennaskóla Eyfirðinga um venjulegan styrk af Prentsmiðjusjóði Norðuramtsins. Amtsráðið veitti styrkinn Jóhannesi Friðbjarnarsyni frá Ásláksstöðum og Lárusi Jóhannessyni frá Botni og Þórunni Stefánsdóttur frá Skriðuklaustri og Dómhildi Jóhannesdóttur frá Þórshöfn.
  7. Forseti lagði fram ritgjörð eptir Guðmund Hannesson um næma sjúkdóma

og fyrirmynd af skýrslu um heilbrigðishag manna úr hreppunum, er hann hafði lagt fyrir hreppsnefndir að senda á hverju ári, í fyrsta sinn um næstkomandi árslok.

88

8. Forseti skýrði frá, að landshöfðinginn hefði með brjefi 9. júlí f. á. leyft, að amtsráðið mætti taka 1500 kr. lán til styrktar spítalabyggingunni á Akureyri, er endurborgaðist með jöfnum afborgunum á 10 árum og ennfremur veitt lánsupphæðina úr landssjóði.
9. Fram var lagt bóanarbrjef frá búfræðingi Sigurði Sigurðssyni á Draflastöðum, dags. 20. þ. m., um 200 kr. fjárframlag, til þess að rannsaka nú í sumar líf og lífsskilyrði skóganna í Fnjóskadal og 300—400 kr. styrk á ári til gróðrarstöðvar á Akureyri, sem bæjarstjórnin á Akureyri vill leggja til ókeypis land undir og girða á sinn kostnað. Amtsráðið veitti áður nefndar 200 kr. nú í ár, og til gróðrarstaðarins 400 kr. á þessu ári og 400 kr. næsta ár.
10. Forseti lagði fram og las upp eptirrit af gjörðabókum allra sýslunefnda í amtinu fyrir yfirstandandi ár:
  - a. Við fundargjörðirnar úr Húnavatnssýslu frá 6.—11. marz þ. á. fannst ekkert að athuga.
  - b. Við fundargjörðir úr Skagafjarðarsýslu frá 21.—23. febr. þ. á. þótti heldur ekki athugavert.
  - c. Við fundargjörðir sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu frá 10. okt. f. á. og 22.—25. marz þ. á., var ekkert að athuga.
  - d. Við fundargjörðir úr Suðurþingeyjarsýslu 20. júní og 18. júlí f. á. og 22.—25. marz þ. á., þótti ekkert að athuga.
11. Framlögð voru eftirfylgjandi skjöl og reikningar snertandi búnaðarskólann á Hólum:
  - a. Endurrit úr gjörðabók stjórnarnefndarinnar frá 6. maí þ. á.
  - b. Reikningur yfir tekjur og gjöld skólasjóðs 1897—98.
  - c. Reikningur skólabúsins sama ár.
  - d. Reikningur kirkjunnar sama ár.
  - e. Athugasemdir við reikninga skólans 1897—98 ásamt svörum reikningshaldara og tillögum stjórnarnefndarinnar.
  - f. Endurrit af úrskurðum amtsráðsins um reikninga skólans 1896—97, með áritun um fullnustugjörð.
  - g. Endurrit af skráum yfir innstæður skólasjóðsins, skólabúsins og kirkjunnar.
  - h. Skýrsla um skólann fyrir 1897—98.  
Amtsráðið athugaði reikninga þessa og úrskurðaði þá. —
12. Forseti lagði fram brjef frá öllum sýslumönnum í amtinu, ásamt með útskriftum úr gjörðabókum allra sýslunefnda í amtinu viðvíkjandi þeirri breytingu á yfirstjórn búnaðarskólans á Hólum, að hún sje hjer eptir lögð undir amtsráðið, og höfðu sýslunefndirnar í Húnavatns-, Skagafjarðar- og Norðurþingeyjarsýslu fallizt á þetta fyrirkomulag, en þar á móti vildi sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu, ekki afsala sjer þeim rjetti, er hún hingað til hefði haft til hluttöku í yfirstjórn skólans. Amtsráðið ihugaði mál þetta nákvæm-

88

lega og þar sem það var á einu máli um það, að hið núverandi fyrirkomulag á stjórn skólans væri mjög óheppilegt, ákvað það í einu hljóði að taka að sjer stjórn skólastofnunarinnar framvegis.

Síðan tók amtsráðið til yfirvegunar og umræðu frumvarp til reglugjörðar fyrir skólann, er samið hafði amtsráðsmaður Olafur Briem á Álftgeirsvöllum.

Frumvarp þetta var rætt grein fyrir grein og gjörðar við það nokkrar breytingar og síðan var það samþykkt í heild sinni. Amtsráðið fól forseta sínum að hlutast til um, að reglugjörðin verði prentuð í Stjórnartíðinunum og að sjerprentuð verði 200 eintök af henni.

Samkvæmt hinni samþykktu reglugjörð var síðan kosinu sem tilsjónarmaður skólans sjera Zophonías Halldórsson í Viðvík, með öllum atkvæðum, og sem endurskoðandi reikninga skólans, alþingismaður Þorleifur Jónsson á Sólheimum með 3 atkvæðum. Amtsráðið ákvað að greiða mönnum þessum þóknun fyrir starfa sinn eptir sanngjörnum reikningi, sem amtmaður úrskurðar.

13. Amtsráðið fól fulltrúum þeim, sem það hefir kosið, til þess að semja um stofnun búnaðarfjelags Íslands, að sækja til alþingis um 2—3000 kr. styrk af landssjóði til eflingar búnaði á ári í amtinu 1900—1901, ef nefnt búnaðarfjellag skyldi eigi verða stofnað.
14. Fram lagt var brjef frá Fjárræktarfelagi Suðurlingeyjarsýslu frá 15. þ. m., ásamt fleiri skjölum viðvíkjandi nefndu fjelagi, þar sem það biður um 200 kr. styrk úr jafnaðarsjóði fyrir yfirstandandi ár. Amtsráðið samþykkti með meiri hluta atkvæða, að veita hinar umbeðnu 200 kr.
15. Framlagt var bónarbrjef frá Guðjóni Guðmundssyni frá 13. maí þ. á. ásamt fylgiskjólum, þar sem hann biður um 300 kr. styrk til áframhalds búfræðisnámi við landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn. Amtsráðið samþykkti að veita hina umbeðnu upphæð með því skilyrði, að alþingi veitti amtsráðinu þær 2—3000 kr., er ræðir um í nr. 13 til búnaðar, en verði búnaðarfjellag Íslands stofnað, eins og ætlazt er til, ákvað amtsráðið, að vísa þessari fjárbón til þess.
16. Forseti skýrði frá því, að hann hefði uppá væntanlegt samþykki amtsráðsráðsins leyft að Suðurlingeyjarsýsla mætti taka allt að 3500 kr. lán til að byggja lækni-setur í Grenivík við Eyjafjörð, gegn því, að lækni-setrið væri jafnan í fullri eldsvoðaábyrgð, og að lánið endurborgist með jöfnum atborgunum á 15 árum, en árlega vexti og afborganir greiðir aukalæknir Sigurðururður Hjörleifsson svo aptur í sýslusjóðinn; er því ekki tilætlunin að lántaka þessi hafi í för með sjer auknar álögur á sýslufjelagið. Amtsráðið samþykkti þetta.
17. Forseti lagði fram og las upp bónarbrjef frá sýslumanninum í Eyjafjarðarsýslu 24. þ. m. um venjulegan styrk af jafnaðarsjóði til kvennaskólans á Akureyri og frá sýslumanninum í Húnavatnssýslu 10. f. m. um 300 kr. styrk til kvennaskólans á Ytri Ey. Ennfremur voru lagðar fram skýrslur um próf á skólum þessum og reikningar skólans á Ytri Ey skólaárið 1897—98.

Amtsráðið samþykkti að veita skólum þessum 300 kr. hvorum, en setti jafnframt það að skilyrði fyrir styrkveitingu þessari, að á kvennaskólunum yrði eigi framvegis veitt kennsla í útsaum (hannyrðum), heldur í klæðasaum og linsaum.

88

18. Þá var lagt fram brjef sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu frá 27. marz þ. á., þar sem hann óskar þess, fyrir hönd sýslunefndarinnar þar, að amtsráðið samþykki að afborgunartími á 15000 kr. landssjóðsláni til tóvinnuvjela Eyfirðinga megi vera 25 ár í stað 15 ára. Amtsráðið samþykkti að afborgunartíminn yrði lengdur þannig, að ofanefndar 15000 kr. yrðu borgaðar með jöfnum afborgunum á 25 árum.
19. Framlagt var brjef sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, dags. 29. marz 1899, um að yfirsetukvennaumdæmið í Austurfljótum nái yfir Holtshrepp, yfirsetukvennaumdæmið í Vesturfljótum nái yfir Haganeshrepp og að stofnað verði nýtt yfirsetukvennaumdæmi fyrir Fellshrepp. Amtsráðinu virtist að sá hluti Hofshrepps, sem nú liggur í 3. yfirsetukvennaumdæmi Skagafjarðarsýslu samkvæmt auglýsingu 19. júlí 1894 (Stjórnartíð. 1894, B. bls. 123), yrði þá allt of lítið umdæmi og sá sjer ekki fært að ákveða þessa breytingu á yfirsetukvennaumdæmunum.
20. Framlagt var brjef umboðsmanns Vaðlaumboðs, dags. 6. apríl þ. á., þar sem hann æskir tillögu amtsráðsins um leigumála á jörðunni Kjarna í Hrafnagilshreppi í Eyjafjarðarsýslu. Amtsráðið lagði til, að leigumáli á jörð þess ari yrði eptirleidis 500 meðalálnir landskuld og 100 meðalálnir í kúgildisleigur.
21. Forseti skýrði frá notkun amtsbókasafnsins, er hafði mjög aukizt síðastliðið ár, eins og skýrsla bókavarðar í Stefni 28. sept. þ. á. ber með sjer svo og að sýslunefndirnar í Húnavatns-, Skagafjarðar- og Þingeyjarsýslu, hefðu falið mönnum í sýslunum, að annast uppá ábyrgð sýslusjóðan na um pöntun, útlán og skil á bókum frá bókasafni Norðuramtsins.  
Amtsráðið kaus bókasafnsnefnd um næstu 3 ár þá amtmann Pál Briem, sýslumann Kl. Jónsson og prófast Jónas Jónasson á Hrafnagili.
22. Amtsráðið kaus í stjórnarnefnd sparisjóðs Norðuramtsins þá: amtmann Pál Briem og gagnskoðara Klemens Jónsson sýslumann, báða til 2 ára.
23. Framlagt var brjef sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu dags. 27. marz þ. á., þar sem hann æskir þess, að amtsráðið samþykki þau ákvæði sýslunefndarinnar, að lögferja yfir Eyjafjarðará á Guðrúnarstöðum skyldi leggja niður. Amtsráðið samþykkti þetta.
24. Framlagt var brjef sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, dags. 19. marz þ. á., þar sem hann leitar samþykkis amtsráðsins til þeirra ákvæða sýslunefndarinnar þar, að brúarsjóðsgjaldið megi vera næsta ár 12 a. á hvert lausafjrhundrað og hvern verkfærann mann. Amtsráðið samþykkti þetta.
25. Framlagt var brjef sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu, dags. 23. marz þ. á. um það að sýslunefndin mætti taka 300 kr. af sýsluvegasjóði til brúargjörðar á Hörgá, og vegarspotta að henni. Amtsráðið samþykkti þetta.

- 88 26. Framlagt var brjef sýslumannsins í Húnavatssýslu frá 10. apríl þ. á., um það, að sýslunefndin mætti taka og ábyrgjast allt að 200 kr. lán, er borgast skyldi af brúarsjóði vesturhluta sýslunnar til brúargjörðar á Vesturá Amtsráðið samþykkti þetta.
27. Framlagt var bónarbrjef frá bónda Júlíusi Hallgrímssyni á Munkaþverá, dags. 20. þ. m., um styrk til þess að veita ókeypis kennslu í bólusetningum sauðfjár. Amtsráðið sá sjer eigi fært, að veita þennan styrk, með tilliti til þess, að sýslunefndir í öðrum sýslum amtsins hafi tekið að sjer að sjá um þessa kennslu.
28. Framlagt var bónarbrjef frá umdæmisstúku Norðuramtssins, dags. 18. þ. m., um 100 kr. styrk til útbreiðslu bindindis. Amtsráðið sá sjer eigi fært að veita styrk þennan.
29. Fram voru lagðar skýrslur um heilbrigðisástand sauðfjár í Norðuramtinu og í Norðurþingeyjarsýslu og vestustu hreppum Norðurmúlasýslu og skýrslur um fjárbaðanir þær, sem gjörðar hafa verið í Austuramtinu til útrýmingar fjárkláðanum, er hefir verið rækilega framfylgt undir umsjón manns, sem hefir lært fjárkláðalækningar í Noregi, og hefir sömu aðferð til útrýmingar fjárkláðanum eins og höfð hefir verið í Noregi.
- Forseti skýrði frá, að hann hefði fyrirskipað málssókn gegn þeim mönnum í amtinu, er hafa algjörlega óhlýðnast skipunum amtsins, um fjárbaðanir.
- Amtsráðið lýsti yfir því að það teldi mjög mikið velferðarmál, að fjárkláðanum yrði útrýmt sem allra fyrst, en þótti ekki að svo stöddu ástæða til, að gjörðar væru frekari rádstafanir gegn fjárkláðanum en að undanfögnu, en skoraði á forseta að fyrirskipa almennar fjárbaðanir og aðrar rádstafanir, sem það úrskurðaði að gerðar væru á fundi sínum í fyrra, og hlutast til um að þessum rádstöfnum yrði framfylgt sem rækilegast.
- Forseti bar upp þá tillögu að amtsráðið veitti allt að 300 kr. til þess að fá sem rækilegastar upplýsingar um árangur af fjárböðunum og um það hvernig fyrirskipunum um baðanir sje framfylgt.
- Amtsráðið samþykkti þetta.
30. Amtsráðsmennirnir lögðu fram reikninga þá, sem taldir eru í tölul. 2, með athugasemdum sínum. Reikningarnir voru úrskurðaðir á þessa leið:
1. Við sýslusjóðsreikning Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu og Eyjafjarðarsýslu þótti ekkert að athuga, en við sýslusjóðsreikning Suðurþingeyjarsýslu, þótti athugavert að kvittun fyrir gjaldalið 2 (108 kr.), vantar og ber að senda hana.
  2. Við sýsluvegasjóðsreikning Húnavatnssýslu þótti ekkert athugavert, en við hina sýsluvegasjóðsreikningana þótti þetta athugavert:
    - a. Við reikninginn úr Skagafjarðarsýslu, að skýrslu vantaði um vegagjörðir í Seiluhreppi og vegagjörð við Gönguskarðsá, er ber að senda.
- Ennfremur þótti amtsráðinu flutningsgjald fyrir 2 kerrum, 2 hjólbörum og 2 aktýjum, sem samkvæmt fylgiskjölum 18 og 19 er tal-

ið kr. 71,25 a., svo hátt, að nánari skýrslur um þetta ber að út- 88  
vega og senda.

- b. Við sýsluvegasjóðsreikning Eyjafjarðarsýslu, að skýrslur um vegabætur í Þóroddstaða- og Hvanneyrarhreppi vantar og ber að senda þær.
  - c. Við sýsluvegasjóðsreikning Suðurbíngesýslu, að skýrslur um vegabætur þær, er unnar hafa verið í sýslunni, vantar og ber að senda þær.
  3. Við brúarreikninga Skagafjarðarsýslu 1898, og við brúarreikninga Húnavatnssýslu 1897 og 1898, þótti ekkert athugavert.
  4. Við reikning um bygging brúarinnar á Ytri Laxá í Húnavatnssýslu 1897 þótti ekkert athugavert.
  5. Reikningar um byggingu bryggjunnar á Blönduósi 1894—1898, voru samþykktir með athugasemdum sýslunefndar Húnavatnssýslu.
31. Framlögð var kæra hreppsnefndarinnar í Skriðuhreppi, dags. 2. októbr. f. á., um það, að sýslunefnd Eyjafjarðarsýslu, hefði á fundi sínum í marzmánuði 1898 fært útsvar Stefáns bónda Thorarensens í Lönguhlíð niður um 25 kr. Eptir því sem skjöl málsins bera með sér, fór Stefán Thorarensen að eins fram á það í kæru sinni til hreppsnefndarinnar, að útsvarið yrði fær niður um 15 kr. Fyrir því gat sýslunefndin eigi að lögum fært útsvarið frekar niður, og úrskurðar amtsráðið því:

Útsvar það, sem hreppsnefndin í Skriðuhreppi lagði á Stefán Thorarensen bónda í Lönguhlíð haustið 1897, færist niður um 15 kr.

32. Var samin og samþykkt svohljóðandi

#### Áætlun

um tekjur og gjöld amtssjóðs Norðuramtsins 1900.

#### Tekjur:

1. Áætlaðar eptirstöðvar . . . . .	kr. 800,00
2. Amtssjóðsgjald . . . . .	— 3800,00
	<u>kr. 4600,00</u>

#### Gjöld:

1. Til amtráðsins . . . . .	kr. 500,00
2. Til menntamála:	
a. Kvennaskólans á YtriEy . . . . .	kr. 300,00
b. ——— á Akureyri . . . . .	— 300,00
c. Amtbókasafnsins . . . . .	— 500,00
d. Bóka og áhaldakaupa til Hólaskóla . . . . .	— 200,00
e. Búnaðarskólagjald til sama . . . . .	— 900,00
f. Guðjóns Guðmundssonar . . . . .	— 300,00
	<u>— 2500,00</u>
3. Til fjárskodana og ráðstafana snertandi fjárkláðann . . . . .	— 500,00
4. Til fjárræktarfelags Suðurbíngesýslu . . . . .	— 200,00
5. Vextir og afborgun af spítala láni . . . . .	— 200,00
6. Til rannsókna á skógum . . . . .	— 200,00
	<u>Flyt: kr. 4100,00</u>

88

	Flutt: kr. 4100,00
7. Til trjáræktar . . . . .	— 400,00
8. Til óvissra útgjalda . . . . .	— 100,00
	Alls: kr. 4600,00

Forseta var falið að leita samþykkis landshöfðingja til hækkunar á jafnaðarsjóðsgjaldinu.

33. Amtsráðsmaður Eyjafjarðarsýslu bar upp svo látandi tillögu: Utaf samþykkt sýslunefndarinnar í Eyjafjarðarsýslu um stofnun fullkominna ullarvinnuvjela við Glerá í Eyjafirði felur amtsráðið forseta sínum að leita álitu sýslunefndanna í amtinu um það, hvort þær vilji sameina sig um, að taka allt að 50,000 kr. lán úr landssjóði til slíkrar stofnunar, ef landssjóður leggur fram álika upphæð.

Amtsráðið samþykkti þetta.

Fleiri mál komu ekki til umræðu.

Fundi slitið 1. júní.

*Páll Briem. Ólafur Briem. Árni Jónsson.*  
*B. G. Blöndal. Stefán Stefánsson.*

Rjett eptirrit staðfestir.

*Páll Briem.*

89

## Skýrsla

um aðalfund amtsráðsins í Austuramtinu 10.—13. júlí 1899.

Ár 1899, mánudaginn 10. júlí var aðalfundur amtsráðs Austuramtsins settur og haldinn á Seyðisfirði af amtmanni Páli Briem, aðalamtsráðsmanni Austurskaptafellssýslu Þorgrími hjeradslækni Þórðarsyni á Borgum, aðalamtsráðsmanni Norðurþingeyjarsýslu Árna hreppstjóra Kristjánssyni á Lóni og varaamtsráðsmanni Norðurmúlasýslu Einari presti Þórðarsyni á Hofteigi, en aðalamtsráðsmaður Suðurmúlasýslu Axel sýslumaður Túliníus á Eskifirði var eigi kominn í fundarbyrjun, en kom litlu síðar um daginn.

- Forseti lagði fram reikninga yfir tekjur og gjöld eptirfylgjandi sjóða 1898 með fylgiskjöldum.
  - Jafnaðarsjóðs Austuramtsins.
  - Búnaðarsjóðs Austuramtsins.
  - Búnaðarskólasjóðs Austuramtsins.
  - Gjafasjóðs Guttorms prófasts Þorsteinssonar.
  - Gjafasjóðs Pjeturs sýslumanns Þorsteinssonar og
  - Bókasafns Austuramtsins.

Amtsráðið rannsakaði reikninga þessa og samþykkti þá síðan án at-  
hugasemda.

- Forseti lagði fram alla sýslusjóðsreikninga og sýsluvegasjóðsreikninga 1898 úr öllum sýslum í amtinu og var amtsráðsmönnum Austurskaptafellssýslu